

FUNDARGERÐ

Árið 2017, föstudaginn 17. nóvember kl. 12:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sveinn Pálsson og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Daníel Kára Snorrasynti og Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð.

Nefndarmaðurinn Sigríður Huld boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Valgerður Freyja Ágústsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Þóra Björk Jónsdóttir frá Menntamálastofnun undir lið 6 þegar fjallað var um ytri mat grunnskóla.

Gengið var til dagskrár.

1. FUNDARGERÐ

Lögð var fram fundargerð frá 27. október 2017 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. SÉRSTAKAR HÚSALEIGUBÆTUR

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 16. nóvember 2017, yfirlit yfir uppgjör almennra og sérstakra húsaleigubóta vegna ársins 2016 og erindi frá Reykjavíkurborg dags. 29. mars 2017 vegna lokauppgjörs húsaleigubóta Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt yfirliti um uppgjör almennu og sérstöku húsaleigubótanna koma 21,6 m.kr. til greiðslu vegna almennu bótanna og 32,8 m.kr. til greiðslu vegna sérstöku bótanna. Greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs vegna almennu bótanna er 66,3% og 60% vegna sérstöku bótanna.

Í erindi Reykjavíkurborgar kemur fram sveitarfélagið hafi verið að taka til skoðunar umsóknir vegna sérstöku bótanna vegna ársins 2016 og fyrri ára í kjölfar dóms Hæstaréttar nr. 728/2015 í máli Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti framlagt yfirlit um uppgjör almennu húsaleigubótanna að fjárhæð 21.642.619 kr. og sérstöku húsaleigubótanna fyrir árið 2016 að fjárhæð 32.803467 kr. Inni í þeirri fjárhæð er viðbót sem komið hefur frá Reykjavíkurborg vegna ársins 2016 og árunna þar á undan vegna umsókna þeirra sem voru í leigu hjá Brynju.

Ráðgjafarnefndin samþykkti jafnframt að starfsmönnum sjóðsins væri heimilt að ganga frá uppgjöri við Reykjavíkurborg sendi sveitarfélagið inn frekari umsóknir vegna sérstöku bótanna og tengjast dómi Hæstaréttar.

3. STOFNFRAMLÖG

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 16. nóvember 2017, um stofnframlag til Seyðisfjarðar.

Fram kemur í minnisblaðinu að frá árinu 1990 greiddi Jöfnunarsjóður stofnframlög til sveitarfélaga með færri en 2.000 íbúa vegna framkvæmda við skóla, leikskóla og íþróttahús. Framlögin féllu niður á árunum 2004-2006 en í þeim tilfellum þar sem búið var að samþykkja kostnaðarþátttöku en framkvæmdum ekki lokið veitti ráðgjafarnefndin heimild til að geyma þátttöku sjóðsins sem inneign. Einungis Seyðisfjarðarkaupstaðar átti inneign hjá sjóðnum vegna þessa og var ákveðið á fundi ráðgjafarnefndar 16. október 2015 að gefa sveitarfélaginu frest til ársloka 2017 að nýta inneignina.

Sveitarfélagið hefur á þessu ári staðið að framkvæmdum við grunnskóla og liggur fyrir bókfærður kostnaður upp á um 25 m.kr. vegna þessa. Inneign sveitarfélagsins á samþykktu stofnframlagi er að fjárhæð 10,1 m.kr. og sé gengið út frá 50% kostnaðarþátttöku sjóðsins þarf framkvæmdin að vera upp á 20,2 m.kr. til að allt framlagið nýtist sveitarfélaginu.

Nefndin samþykkir tillögu að greiða stofnframlag upp á 10,1 m.kr. til Seyðisfjarðarkaupstaðar.

4. UMSÓKN VEGNA SÉRSTAKRA VERKEFNA

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. nóvember 2017, ásamt umsókn Reykjavíkurborgar, dagsett 31. október 2017, vegna sérstakra verkefna skv. 11. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr 960/2010.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar sækir um framlag vegna eftirfarandi verkefna:

1. Samstarf við Barka samtökin sem veita heimilislausum einstaklingum aðstoð við að tengjast upprunalandinu sínu – að fjárhæð 8 m.kr.
2. Tilraunar- og nýsköpunarverkefni um menningarmiðlun, stuðning, ráðgjöf og handleiðslu í vinnu með flóttafólki sem býr í Reykjavík og við fagfólk hjá Reykjavíkurborg – samtals að fjárhæð 28 m.kr.

Nefndin samþykkir að greiða framlag vegna Barka verkefnisins að fjárhæð 5 m.kr. Varðandi verkefnið er snýr að flóttafólki sem býr í Reykjavík finnst nefndinni það áhugavert en lagði til að Reykjavíkurborg myndi skoða þann valkost að hún leitaði samstarfs annarra sveitarfélaga sem væru í líkri aðstöðu og Reykjavíkurborg hvað þessi mál varðar.

5. EFLING TÓNLISTARFRÆÐSLU

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 13. nóvember 2017, ásamt yfirliti yfir fjölda nemenda í þeim sveitarfélögum sem sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags skólaárið 2017 til 2018 sbr. 7. gr. rgl. nr. 23/2013

Í minnisblaðinu er farið yfir forsendur úthlutunar framlagsins vegna eflingar tónlistarfræðslu sbr. 7. gr. rgl. nr. 23/2013 og á grundvelli reglna vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl

2016 en þar er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags. Skilyrði er að fyrir liggi staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla.

Úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein takmarkast af því hve mikið fjármagn Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar að teknu tilliti til framlaga skv. 4. og 6. gr. rgl. nr. 23/2013. Við ákvörðun framlaga skal umsóknum forgangsraðað í eftirfarandi röð:

1. Nemendur á miðstigi í hljóðfæragreinum.
2. Nemendur á grunnstigi í söng eða hljóðfæragreinum, þ.e. nemendur sem hafa verið í tónlistarnámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur.
3. Nemendur sem eru að hefja nám á grunnstigi í söng.

Úthlutuð framlög vegna samþykktra umsókna samkvæmt þessari grein skulu að hámarki nema 50% af vegnu meðaltali framlags á nemanda, sbr. 3. mgr. 1. gr. rgl. nr. 23/2013.

Nefndin samþykkti að úthlutað yrði 50%, sbr. 7. gr. rgl. nr. 23/2013 af vegnu meðaltali framlags á nemanda á grundvelli 1. gr. rgl. nr. 23/2013 eða í samræmi við það sem verið hefur. Viðmiðunargjaldið fyrir skólaárið 2017-18 er 417.071 kr.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

6. YTRA MAT Á GRUNNSKÓLA

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 16. nóvember 2017, og bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 8. nóvember 2017, um beiðni á frekari framlengingu á samningi vegna ytra mats á grunnskólum.

Valgerður Freyja Ágústsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Þóra Björk Jónsdóttir frá Menntamálastofnun kynntu samstarf ríkis og sveitarfélaga um ytra mat á grunnskólum. Þar kom meðal annars fram að ánægja væri með verkefnið og búið væri að gera mat á um 40% af grunnskólum landsins utan grunnskóla Reykjavíkurborgar. Eftir er að meta um 80 skóla í lok þessa árs og er vilji til þess að klára matshringinn á árinu 2020 en þá þarf að þrefalda þann fjölda skóla sem metinn er á hverju ári.

Í bréfi frá sambandinu kemur fram að til að klára matshringinn þarf að meta 27 skóla á ári í stað 10 líkt og undanfarin ár. Lagt er til að horfið verði frá 60%-40% kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í verkefninu en í staðinn greiði hvor aðili helming kostnaðar. Matskostnaður er um 2,05 m.kr. á skóla og hljóðar því árlegur kostnaður um 55,35 m.kr. ef meta á 27 skóla á ári.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er hlynnt þróunarverkefni um ytra mat á skólastarfi og framlengingu þess um a.m.k. þrjú ár og samþykkti nefndin að leggja til að beiðni sambandsins um framlag vegna verkefnisins að fjárhæð allt að 82 m.kr. yrði tekin til greina. Hins vegar vill nefndin benda á að það sé ríkisvaldið sem setji skyldur á herðar sveitarfélögunum um ytra mat á skólastarfi en sveitarfélögin séu engu að síður látin greiða helming kostnaðar. Greiðsla kostnaðar vegna verkefnisins ætti því að vera úr ríkissjóði.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

7. ALMENN FRAMLÖG VEGNA MÁL. FATLAÐS FÓLKS

Framlög ársins 2018

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. nóvember 2017, vegna áætlaðra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks á árinu 2018. Til viðbótar voru lögð fram níu yfirlit yfir mismunandi sviðsmyndir fyrir reikniverk framlaganna vegna reglugerðar ársins 2018.

Á fundinum var rætt um framlagðar tillögur um aðferðarfræðina varðandi útreikning framlaganna vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018.

Samþykkti nefndin eftirfarandi tillögu að 1. áætlun almennra framlaga fyrir árið 2018.

Áætlað framlag vegna málefna fatlaðs fólks vegna ársins 2018 verði samtals 14.900 m.kr. Breytingar á regluverki framlaganna frá útreikningi framlaganna á árinu 2017 verði eftirfarandi:

- 1. Jöfnun á grunni stuðningsþarfar hefur 88% vægi við útreikning (87% árið 2017)*
- 2. Framlög er taka mið af útsvari hafa 10,75% vægi við útreikning (12% árið 2017)*
- 3. Innviðir – fjarlægðir og fjöldi sveitarfélaga hefur 1,25% (1% árið 2017)*

Jafnframt samþykkti nefndin að við útreikning framlaganna á árinu 2018 verði gerð sú breyting að í stað þess að miða reiknaða útgjaldaþörf við 4. flokk SIS matsins, eins og gert hefur verið frá yfirfærslu árið 2011, verði nú miðað við 5. flokk SIS matsins við útreikning á útgjaldaþörf til þjónustusvæða. Þá ákvað nefndin að skoða hvort við útreikning viðbótarframlagsins á árinu 2018 ætti að taka tillit til þeirrra þjónustusvæða sem verða fyrir mikilli hlutfallslegri skerðingu framlaga við að miða þröskuld framlaganna við 5. flokk í stað 4. flokks.

8. VIÐBÓTARFRAMLÖG 2017

Útreikningar

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu viðbótarframlögum vegna málefni fatlaðs fólks fyrir árið 2017.

Safnað hefur verið saman upplýsingum um rekstrarniðurstöðu þjónustusvæða vegna reksturs á málefnum fatlaðs fólks á árinu 2016. Niðurstöðurnar gefa til kynna að mikill viðsnúningur hafi orðið á rekstri margra svæða og heildarrekstrarniðstaða svæðanna hefur batnað frá því að vera neikvæð um 2,5 ma.kr. á árinu 2015 í að vera neikvæð um rúmlega 1 ma.kr. á árinu 2016. Miðað við rekstrarniðurstöðuna á árinu 2016 reiknast 6 svæði ekki með viðbótarframlag en þau voru 3 vegna rekstrarniðurstöðu ársins 2015 við útreikning viðbótarframlagsins á árinu 2016.

Nefndin samþykkti framlagða tillögu um úthlutun 200 m.kr. viðbótarframlags á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 635/2017.

9. ERINDI FRÁ ÞJÓNUSTUVÆÐI VESTURLANDS

Umsókn um framlag vegna gæðaeftirlits

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. nóvember 2017, og bréf frá Akraneskaupstað fyrir hönd þjónusturáðs Vesturlands, dagsett 14. nóvember 2017, vegna umsóknar um framlag Jöfnunarsjóðs vegna þróunarverkefnis.

Á fundi ráðgjafarnefndar 27. október 2017 var tekið til umfjöllunar erindi Akraneskaupstaðar vegna umsóknar um framlag úr Jöfnunarsjóði vegna vinnu við innra eftirlit og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á Vesturlandi. Afgreiðslu málsins var frestað þar sem nefndin vildi afla frekari upplýsinga um tilhögun greiðslna framlagsins.

Í bréfi frá Akraneskaupstað kemur fram að verði verkefnið samþykkt er óskað eftir því að framlög verði greidd eftir framvindu verkefnisins en gert er ráð fyrir því að verkefnið standi yfir frá sumri 2017 til vors 2019.

Nefndin samþykkir að veita framlag til þjónusturáðs Vesturlands sem mun stýra verkefninu upp á 11.500.000 kr. sem greitt verður eftir framvindu verkefnisins.

10. ERINDI FRÁ REYKJAVÍKURBORG

Umsókn um framlag vegna gæðaeftirlits

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. nóvember 2017, og bréf frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, dagsett 7. nóvember 2017, vegna umsóknar um framlag úr Jöfnunarsjóði vegna vinnu við innra eftirlit.

Fram kemur í bréfi Reykjavíkurborgar að á árinu 2017 hafi velferðarsvið sinnt innra eftirliti í búsetu og úrræðum fyrir fatlað fólk á ýmsan hátt. Tilgreind eru 4 verkefni sem sótt er um framlög fyrir og er áætlaður kostnaður þeirra um 6,6 m.kr.

Nefndin samþykkir að veita framlag til Reykjavíkurborgar að fjárhæð 6.662.500 kr.

11. ERINDI FRÁ REYKJAVÍKURBORG

Umsókn um framlag vegna til einstakra verkefna, nýsköpunar eða þróunarvinnu

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. nóvember 2017, og bréf frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, dagsett 31. október 2017, vegna umsóknar um framlag til einstakra verkefna, nýsköpunar eða þróunarvinnu.

Í bréfi Reykjavíkurborgar kemur fram að sótt er um eftirfarandi verkefni:

1. Þróunarverkefni um Þróun stuðnings við börn og fjölskyldur á heimilum barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Sótt er um styrk að upphæð 12 m.kr.
2. Opnun smíðastofu fyrir fatlað fólk með flóknar samsettar skerðingar. Sótt er um styrk að upphæð 12 m.kr.
3. Mat á þörf á endurbótum og til að hefja endurbætur á sérstökum húsnæðisúrræðum fatlaðs fólks í Reykjavík í ljósi aukinnar þekkingar á áhrifum húsnæðis á líðan mikið fatlaðs fólks. Sótt er um styrk að upphæð 20 m.kr.

Nefndin samþykkir að veita framlag að fjárhæð 6.000.000 kr. vegna fyrsta liðar. Öðrum lið er hafnað og telur nefndin að eðlilegast væri að þriðja liðnum væri beint til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs þegar hann tekur til starfa í breyttri mynd.

12. ÖNNUR MÁL

Næsti fundur ráðgjafarnefndar var ákveðinn 14. desember 13:30

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sveinn Pálsson

Valdimar O. Hermannsson